

Mánudaginn 22. mars.

Nr. 68/1919

Kári J. Kárasen.

gegn

**Sigurði Jónssyni og bæjarstjórn
Hafnarfjarðar vegna bæjarsjóða.**

útaf sjálfsskuldarábyrgð.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 31. okt. 1919 í máli milli áfrýjanda og bæjarstjórnar Hafnarfjarðar annarsvegar og stefnda Sigurðar Jónssonar hinsvegar:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar á að svo stöddu að vera sýkn af kröfum stefnda, Sigurður Jónssonar, í þessu máli.

Stefndur Kári Jón Kárasen greiði stefndnandanum 6800 krónur með 6% ársvöxtum frá 13. mars til 8. okt. þ. á. og 7% ársvöxtum frá hinum síðarnefnda degi til greiðsludags, 399 krónur í innheimtulaun og málskostnað að skaðlausu, allt innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi gjörir fyrir hæstarjetti kröfu um þá einu breytingu á hinum frýjaða dómi, að hin stefnda bæjarstjórn verði in solidum ásamt sjer dæmd til að greiða stefnda Sigurði Jónssyni skuld þá, er ræðir um í hinum áfrýjaða dómi. Með því að þessi krafa eigi kom fram af áfrýjanda hálfu fyrir undirrjettinum og hinn áfrýjaði dómur eigi ræður neinu um afstöðu áfrýjanda til hinnar stefndu bæjarstjórnar, verður ekki talið að áfrýjandi geti komið fram með þessa kröfu við áfrýjun þessa máls og ber því ex officio að vísa málinu frá hæstarjetti.

Eftir þessum úrslitum og eftir kröfu hinnar stefndu bæjarstjórnar þykir rjett að áfrýjandi greiði henni málskostnað fyrir hæstarjetti, sem ákveðst 75 krónur, en stefndur Sigurður Jónsson, sem mætt hefur í mál-

inu fyrir hæstarjetti hefur engar kröfur gjört við áfrýjun þessa.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu vísast frá hæstarjetti. Áfrýjandi Kári J. Kárasón greiði stefndu bæjarstjórn Hafnarfjarðar málskostnað fyrir hæstarjetti með 75 krónum að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestarjettinum af Sigurði múrara Jónssyni hér í bænnum með stefnu útgefinni 8. þ. m. gegn Kára Jóni Kárasyni verkamanni til heimilis í Grettisgötu 18. b hér í bænnum og bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir hönd bæjarstjóðsins og hefur stefnandi gjört þær aðalkröfur í málinu, að stefndir verði dæmdir til þess in solidum að greiða sér 6800 króna skuld ásamt 6% ársvöxtum af henni frá 13. mars. þ. á. til stefnudags og 7% þaðan í frá til greiðsludags, svo og 399 krónur í innheimtulaun og loks málskostnað að skaðlausu. Til vara hefur stefnandi krafist, að stefndur Kári Jón Kárasón verði einn dæmdur til að inna þessar greiðslur af hendi.

Stefndur Kári Jón Kárasón mætti við fyrirtekt málsins en hreyfði engum mótmælum.

Hin stefnda bæjarstjórn hefur látið mæta í málinu og gjört þá aðalkröfu, að málinu verði vísað frá dómi að því er hana snertir en til vara að hún verði sýknuð af kröfum stefnanda í málinu og henni til dæmdur málskostnaður hjá honum eftir mati rjettarins.

Málavextir eru þeir, að 13. mars. þ. á. varð stefndur Kári Jón Kárasón skuldugur stefnanda um 6800 krónur út af kaupum á húseigninni 18 b við Grettisgötu hjer í bænnum og gaf út veðskuldabryf fyrir upphæðinni til hans með 2. veðrjetti í henni og uppfærslurjetti næst eftir kr. 1557,45 veðdeildarláni til tryggingar skaðlausri greiðslu höfuðstóls og vaxta, málskostnaðar og innheimtulauna, ef hann standi eigi í skilum, er honum bæri að greiða að skaðlausu. Þá stendur og í veðskuldabryfinu:

»Til enn frekari tryggingar tekur Hafnarfjarðarkaupstaður á sig sjálfskuldarábyrgð fyrir greindri skuld með vöxtum, svo og

öllum innheimtu og málskostnaði, er leiða kann af vanskilum. Skuldin átti að greiðast 15. september þ. á. og vextir ákveðnir banka-vextir á hverjum tíma.

Hinn 5. mars þ. á. gaf bæjarstjórnin í Hafnarfirði út ábyrgðarskjal f. h. bæjarstjórnarinnar vegna bæjarsjóðsins, er þar ábyrgst skilvís og skaðlaus greiðsla á láni alt að kr. 6800,00, er stefndur Kári Jón Kárasen ætli að fá í banka eða annari lánsstofnun innanlands gegn 2. veðrjetti og uppfærslurjetti næst á eftir áður-nefndri veðdeildarskuld, er hvíli á framangreindri húseign, er hann ætli að festa kaup á, og er tekið fram að ábyrgðin nái einnig til láns af seljanda hálfu.

Þar sem stefnandi fekk eigi skuld sína á tilskildum tíma, hefur hann höfðað mál þetta og gjört þær rjettarkröfur er að framan greinir.

Frávisunarkröfu sína byggir hin stefnda bæjarstjórn á því, að Magnúsi Jónssyni bæja r f ó g e t a sje stefnt í málinu og stefnan birt fyrir honum, en þar sem sami maður notarískt einnig er bæjarstjóri í Hafnarfirði og oddviti bæjarstjórnarinnar og auk þess sem hin stefnda bæjarstjórn hefir látið mæta í málinu, hefur frávisunarkrafan ekki við rök að styðjast og verður ekki tekin til greina.

Þá er ágreiningur milli stefnanda og bæjarstjórnarinnar um það, hvort ábyrgð sú, sem bæjarstjórnin hefur tekið á hinni umstefndu skuld, sje sjálfskuldarábyrgð eða ekki.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hjer sje um sjálfskuldarábyrgð að ræða, bæði sje henni lofað í skuldabrfjefinu til stefnanda og eins eigi að skilja svo ábyrgðarskjal bæjarstjóra (rjettarskjal nr. 3. í þessu máli), er sjerstaklega bent til þess, að bæjarstjórnin ábyrgist skilvísa greiðslu lánsins, að ábyrgðin eigi eins að gilda gagnvart bönkum, en þeir taki aðeins sjálfskuldarábyrgð gilda, og loks að svo er komist að orði í ábyrgðarskjalinu að bæjarstjórnin skuldbindi sig til að svara til sakar fyrir gestarjetti Reykjavíkur í máli út af lántökunni en ekki ábyrgðinni sjerstaklega.

Þar sem að ábyrgðarskjalið er gefið út nokkru á undan veðskuldabrfjefinu og stefnandi þá væntanlega verið búinn að sjá það, verður ekkert bygt í þessu efni á veðbrjefinu.

Orðin »ábyrgð á skilvísri greiðslu« eru og notuð þótt ekki sje um sjálfskuldarábyrgð að ræða sbr. t. a. m. yfirrjettardóm 2 júní 1902 (Dómasafn yfirrjettarins VI bls. 441.) og engar sönnur

eru á það færðar, að bankarnir taki ekki einfalda ábyrgð bæjarstjórnarinnar gilda.

Loks verður það ekki bygt á orðalagi ábyrgðarskjalsins að hjer sje um meira en einfalda ábyrgð að ræða því ábyrgðin stendur í svo nánu sambandi við lántökuna að eigi er nema eðlilegt þó komist sje að orði eins og gjört er.

Ríkari áherslu virðist verða að leggja á hitt, að orðið sjálf-skuldarábyrgð er ekki notað í ábyrgðarskjalinu, heldur orðið ábyrgð, og að tekið er fram í því, að húseign sú, er Kári Jón Kárasen sætli að kaupa, eigi að standa að veði fyrir láninu með öðrum veðrjetti og uppfærslurjetti. Virðist þetta benda til þess, að bæjarstjórnin hafi eigi tekið á sig nema einfalda ábyrgð á láninu og verður því að taka sýknunarkröfu hennar til greina að svo stöddu, en rjett þykir að málskostnaður falli niður að því er hana snertir.

Þar sem stefndur Kári Jón Kárasen hefur engum mótbárum hreyft verður að taka að öllu leyti til greina kröfur stefnanda á hendur honum.

Mánudaginn 26. apríl.

Nr. 58/1919.

O. Tynes

gegn

Birni Línal f. h. A. J. Lagerqvist

og

gagnsök

um vanefndir sölusamnings.

Dómur gestarjettar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 6. sept. 1916: Stefndur O. Tynes kaupmaður og útgerðarmaður á Siglufirði greiði stefnda Birni málaflutningsmanni Línal fyrir hönd A. J. Lagerqvist í Norrköping kr. 3217.50 með 6% vöxtum frá 11. sept. 1916 til þess greitt verður. Málskostnaður falli niður. Dóminum að fullnægja innan þriggja daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem gert er grein fyrir í hinum áfrýjaða dómi, var aðaláfrýjandi samkvæmt skjalinu, er hann